

86. fundur atvinnumálanefndar

Haldinn í ráðhúsinu 30. nóvember 2015 kl. 16:00

Mætt voru: Ólafur Örn Ásmundsson
Heiðrún Höskuldsdóttir
Guðbjörg Egilsdóttir
Sturla Böðvarsson

Til fundar mættu fulltrúar Atvinnuráðgjafar SSV, þau Ólafur Sveinsson og Margrét Björk Björnsdóttir.

Tekið er fyrir:

1. Tillögur hugarflugsfundar sem var haldinn 22. Maí 2015 um eflingu atvinnulífs og stöðu byggðar á Snæfellsnesi.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögum og hugmyndum frá fundinum. Umræður og fyrirspurnir teknar fyrir að lokinni kynningu bæjarstjóra. Formaður lagði til frekari umfjöllun um tillögur hugarflugsfundarins verði frestað til næsta fundar sem verði boðað til fljótlega.

2. Tillögur hugarflugsfundar gerðu ráð fyrir því að leita eftir sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

Þær tillögur gera ráð fyrir sameiningu Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Grundarfjarðar. Málið rætt og gert ráð fyrir að frekari umræða fari fram á næsta fundi nefndarinnar og að leitað verði eftir að SSV geri hagkvæmnisúttekt á sameiningu sveitarfélaganna.

3. Staða mála varðandi þörungaverksmiðju.

Þessum dagskrárlið frestað til næsta fundar.

4. Þau Ólafur Sveinsson og Margrét Björk Björnsdóttir starfsmenn Atvinnuráðgjafar SSV gerðu grein fyrir atvinnuþróun og möguleikum til atvinnuuppbyggingar.

Að lokinni umræðu var óskað eftir af hálfu nefndarinnar að Atvinnuráðgjöf setti upp minnisblað um þau atriði sem komu fram á fundinum.

Fleira ekki tekið fyrir

Ólafur Örn Ásmundsson (sign)

Heiðrún Höskuldsdóttir (sign)

Guðbjörg Egilsdóttir (sign)

Sturla Böðvarsson (sign)